

Fundargerð: 30.08.17
Staðsetning: Hlíðargerði 4.

Mætt: Lóa Björk Hallsdóttir, Guðmundur Karlsson, Gunnar Svarvarsson, Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir.

1. Afgreiðslumál

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og dagskrá fundarins.

Rafrænar afgreiðslur milli funda: Val á mót: NMU20 val, HM val, Ólympíhátíð Evrópuæskunnar unnið í samráði við unglinganefnd. Tilnefningar Stafsverðlauna EAA. Unnið af skrifstofu og Fríðu Rún en kallað var eftir tillögum frá aðildarfélögum. Verðlaunaafhending RMÍ, óskað var eftir að Martha Ernstsdoóttir tæki það að sér þetta árið. MI15-22 verðlauna afhending, FRP tók það að sér.

2. Samantekt framkvæmdastjóra yfir verkefni sumars

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir störfum á skrifstofu og keppnisvöllunum í sumar, skráningar á mót, mönnun ferða, flugbókanir, ferðamál og önnur störf. Gerði grein fyrir góðu starfi verkefnastjóra FRÍ.

Ljóst er að setja þarf skýrari ramma utan um mótahaldið og innheimtu á keppnisgjöldum. HM kom vel út mtt. auglýsinga og fjölmiðlaumfjöllunar sem er jákvætt. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samningum við Advania og Valitor. Samtölum við aðra aðila. Hlaupaverkefnið er stöðugt í gangi. Mörg atriði til umræðu og úrvinnslu, unnið að verkefnastjóra í samráði við langhlaupanefndina. Boðhlaupsverkefnið 4 x 100m, 4 x 400m, unnið er að verkefninu m.a. að ræða við verkefnastjóra sem kæmi að því að halda utan um það.

3. Fjárhagsmál

Gjaldkeri lagði fram drög að sjö mánaða uppgjöri. Rekstur í samræmi við áætlanir, eftir er að stemma nokkuð af erlendu verkefnum, en verkefni voru nær öll innan ramma. Farið yfir stöðu á afreksúthlutunum af hálfu ÍSÍ. Fundað hefur verið með ÍSÍ. Skýrsla var send inn í byrjun sumars.

Umræður um starfsmannahald FRÍ í ljósi rekstrarniðurstöðu. Stjórn samþykkt því að viðhalda verkefnastjórastarfi yfir vetrarmánuðina á skrifstofu. Mikilvægt nú að klára yfirferð á uppgjöri við sambandsaðila.

4. Helstu dagskrárefni vetrarins

Rætt um Uppskeruhátíð, Haustfund, FRÍ þing og RIG

5. Önnur mál

Öðrum málum var frestað og ákveðið að halda fund strax í næstu viku.

Fundi slitið 17:50

Fundargerð ritaði: Fríða Rún Þórðardóttir